

Hringrás - Reyðarfirði
Klettagörðum 9 9
104 Reykjavík

Reykjavík, 31. mars 2021
UST202004-289/F.T.
08.14.02

Málslok

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 20. desember 2016 þar sem stofnunin stöðvaði starfsemi m.a. vegna frávika er fram komu í eftirliti þann 15. desember 2016. Frávikin voru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.1. Rekstraraðili** – Rekstraraðili var annar en fram kom á þágildandi starfsleyfi. Um var að ræða frávik gr. 1.1. í starfsleyfi sem og 1. mgr. 27. gr. reglugerðar, nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þar sem segir að starfsleyfi skuli gefið út á rekstraraðila.
2. **Gr. 1.2 Umfang starfsemi** – Engar skýrslur eða skráningar voru aðgengilegar eða hafa verið senda til eftirlitsaðila, þannig að unnt væri að meta umfang starfseminnar á liðnu ári.
3. **Gr. 2.2. Magn Spilliefna á svæðinu** – Mikið af spilliefnum var í geymsluskemmu, ekki voru ummerki um flokkun eða undirbúning efnaflokka til flutnings.
4. **Gr. 2.5. Fráveita** – Á steypu gólfi geymsluskemmunnar var efnum ekki þannig fyrirkomið að leki frá olíuefnum myndi berast í olíuskilju og þungmálmur o.þ.h. í lokaða söfnunarþró.
5. **Gr. 3.1. Skráningar** – Engar skráningar voru fyrirbyggjandi og skýrsla þar um var ekki send til Umhverfisstofnunar fyrir 1.3.2016.
6. **Gr. 3.2. Eftirlitsmælingar** – Ekki hafa verið tekin sýni af frárennslivatni úr söfnunarþró eða olíuskiljum á árinu 2016.

Þann 27. apríl 2020 var starfsleyfi Hringrásar hjá Umhverfisstofnun fellt niður. Málinu telst því lokið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 356.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Skúli Þórðarson
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius
lögfræðingur